

Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

Jólaferðun 2010



og
jólagjöfin
í ár



Rannsóknasetur
verslunarinnar
Háskólinn á Bifröst

Jólaverslun 2010

og

jólagjöfin í ár

Skýrsluna unnu Emil B. Karlsson og Kári Joensen, Rannsóknasetri verslunarinnar við Háskólann á Bifröst
Hönnun kápu: Auglýsingastofan Einn tveir og þrír
Nóvember 2010

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega beðnir um að geta heimilda.

Jafnvægi í jólaverslun 2010

Síðustu mánuði hefur verið að komast á jafnvægi í verslun eftir samdráttarskeið sem staðið hefur frá því um mitt árið 2008. Ætla má að botninum sé náð og tímaspursmál hvenær vaxtarskeið hefjist að nýju. Gengi krónunnar hefur styrkst, vextir hafa farið lækkandi, dregið hefur úr verðhækkunum og kaupmáttur hefur haldist nokkuð stöðugur. Þessar aðstæður hafa orðið til þess að einkaneysla hefur aukist eða að minnsta kosti hætt að dragast saman.

Á fyrri hluta áratugarins var hvert metið slegið af öðru í aukinni jólaverslun. Þessi þróunin snerist rækilega við árið 2008 þegar verslun fyrir jólin dróst saman 18,3% að raunvirði og í fyrra hélt samdrátturinn áfram og minnkaði enn um 4% frá árinu áður.

Nú er spá Rannsóknasetur verslunarinnar að jólaverslunin verði svipuð að raunvirði og hún var fyrir síðustu jól. Þessi spá byggir á þróun veltu í smásöluverslun það sem af er þessa árs miðað við árið á undan og er í samræmi við þróun greiðslukortaveltu, væntingar stjórnenda í verslun og þeirra þátta sem raktir eru hér að neðan.


Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslunin verði óbreytt frá því í fyrra að raunvirði. Jafnframt að velta aukist um 4% að nafnvirði vegna hækkunar verðlags.

Jólaverslunin hefur dregist saman tvö undanfarin ár. Það er mat Rannsóknasetursins að í þessum samanburði aukist samdrátturinn ekki þriðja árið í röð heldur haldist á svipuðu róli og fyrir síðustu jól að magni til.

Ætla má að helst verði vöxtur í raftækjaverslun fyrir þessi jól, en það er sú tegund verslunar sem hefur aukist hvað mest á þessu ári. Verð á raftækjum hefur farið lækkandi og meira er um að fólk fjárfesti í stærri og dýrari tækjum en fyrir ári síðan. Þá nýtur íslensk verslun góðs af því að dregið hefur úr því að landsmenn fari í verslunarferðir erlendis eins og algengt var þegar gengi krónunnar var sterkara en nú.

Neyslumynstur hefur breyst í þá átt að meiri hagkvæmni og ráðdeild ríkir í innkaupum heimilanna en fyrir hrun efnahagskerfisins. Þess vegna má gera ráð fyrir einhverjum tilflutningi í ódýrari vörur og spáð er að heimagerðar gjafavörur verði enn meira ríkjandi nú er oft áður.

Árleg breyting á veltu jólaverslunar (nóv. og des.) að raunvirði frá árinu 2002 til 2009 og spá um jólaverslunina 2010



Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2010 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

Hver Íslendingur ver að jafnaði 39.500 kr. til jólainnkaupa

Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar er sú að velta í smásöluverslun í nóvember og desember verði um 59,8 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breytilegu verðlagi um 4% milli ára.


Ætla má að verslun vegna jóla (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði tæplega 12,5 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 39.500 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Tafla 1. Áætluð velta í smásöluverslun í nóv. og des 2010 með vsk.

Flokkur	Velta m.vsk. (millj.kr.)	Þar af vegna jóla (millj.kr.)	Sala á hvern landsmann	Þar af vegna jóla
Smásala alls	69.787	12.510	220.540	39.533
- dagvörur	28.355	5.083	89.607	16.063
- sérvörur	41.432	7.427	130.932	23.470

Þó jólainnkaupin verði álíka mikil að raunvirði og í fyrra er áætlað að um 4% aukning verði í krónum talið vegna þeirra verðhækkana sem hafa átt sér stað. Eins og fram kemur á skýringarmyndinni hér fyrir neðan jókst velta jólaverslunar um 3,8 milljarða að nafnvirði á síðasta ári miðað við árið á undan þó samdráttur hafi orðið að raunvirði. Gert er ráð fyrir 2,3 milljarða kr. aukinni veltu jólaverslunar á þessu ári miðað við jólaverslunina í fyrra.

Árleg velta í millj.kr. á breytilegu verðlagi í nóv. og des. í smásölu frá árinu 2001 og spá um veltu 2010



Heimild: Hagstofa Íslands. Spá fyrir 2010 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar

Jólagjöfin í ár

Algengasti jólapakkinn í ár er frekar stór og mjúkur pakki sem rúmast þó vel undir jólatréinu. Innihaldið er tískuflík sem kemur sér vel í vetrarkuldanum og endist vel og lengi. Að mati sérskipaðs hóps neyslu- og neytendafrömuða var niðurstaðan þessi:

Jólagjöfin í ár er: „Íslensk lopapeysa“

Rökstuðningur dómnefndarinnar er að lopapeysa er vara semhefur gengið í endurnýjun lífdaga og er í raun orðin meiri tískuvara en nokkru sinni fyrr. Lopapeysa er ekki aðeins algeng hversdagsflík heldur er sífellt algengara að fólk mæti í lopapeysum á mannamótum. Lopi og lopapeysur seljast sem aldrei fyrr. Þannig er oftast þröng á þingi í hannyrðabúðum og þar sem þrjónaflíkur eru seldar og þrjónablöð og bækur eru ofarlega á metsölulistum bókaverslana.

Þá er það mat jólagjafanefndar að lopapeysa falli vel að tíðarandanum. Þrjónaskapur er stundaður sem aldrei fyrr, bæði af konum og körlum. Víða hafa orðið til þrjónaklúbbar þar sem ekki er aðeins setið og þrjónað heldur skiptst á mynstrum og uppskriftum af lopapeysum, hneptum og heilum, í mismunandi litum og sniðum. Hvar sem fólk kemur saman er þrjónað.

Þá er algengt að hefðbundið lopapeysumynstur sé notað í hönnun á öðrum fötum eins og stuttermabolum og ullarjökkum. Mynstrið er einnig notað á sérvéttum og íslenskum skrautmunum af ýmsum gerðum.

Þær forsendur sem hafðar voru að leiðarljósi við val á *jólagjöfinni í ár* voru þessar:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða hefur vakið endurnýjaðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum



Íslensk lopapeysa er jólagjöfin í ár



Dómnefndin skipuðu (frá vinstri á mynd):

- Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, markaðsráðgjafi
- Ingibjörg Magnúsdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna
- Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf.
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Valið var úr miklum fjölda hugmynda sem bárust. Haukur Harðarsson sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins lagði til þá hugmynd sem varð fyrir valinu og fær að launum gjafakort.

Fyrri „jólaljöfin í ár „ hafa verið þessar:

2006: Ávaxta- og grænmetispressa

2007: GSM staðsetningatæki

2008: Íslensk hönnun

2009: Jákvæð upplifun

2010: Íslensk lopapeysa

Helstu niðurstöður:

- Spáð er að jólaverslunin verði óbreytt að raunvirði frá síðasta ári en vegna verðhækkana verði veltan 4% meiri í krónum talið.
- Áætlað er að heildarvelta smásöluverslana í nóvember og desember verði tæplega 60 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali 39.500 kr. til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er: „**Íslensk lopapeysa**“

Helstu niðurstöður

- Spáð er að jólaverslunin verði óbreytt að magni til frá síðasta ári en vegna verðhækkana verði veltan 4% meiri í krónum talið.
- Áætlað er að heildarvelta smásöluverslana í nóvember og desember verði tæplega 60 milljarðar króna án virðisaukaskatts..
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali 39.500 kr. til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er: „Íslensk lopapeysa“

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunarfyrirtækja í landinu.



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst